



Fréttablaðið, 31.12.2021, síðu 36
grein stærð: 689.21 sm²
grein hæð: 26.60 sm



Við erum inni í sal safnsins en virðumst standa fyrir utan, segir Baldvin.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Sería verka sem mynda saman heild



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Sýningin Op stendur yfir í Hafnarhúsinu. Þar sýnir Baldvin Einarsson verk sín.

Sýningin samanstendur af bréfalúgum úr bronsi og fyrir ofan þær eru ýmsar staðhæfingar sem eru eins konar lýsingar á fólki, eins og: born to be successful ... born to be difficult.

Um þessi verk sín segir Baldvin: „Verkin á sýningunni samanstanda af opi, umgjörð um opið og staðhæfingu; tóm, efni og orð. Verkin eru einhvers konar valmöguleikar. Áhorfandinn gengur um salinn og veltir þeim fyrir sér; leggur mat á staðhæfingarnar og mælir út formin, mátar sig við verkin. Þetta er sería verka sem mynda saman heild,“ segir Baldvin.

Af hverju valdi hann að vinna með dyralúgur? „Ég hef áður unnið

með op, mér finnst þau áhugaverð. Dyralúga er gat á húsi, op milli almennings og einstaklings, hins innra og þess ytra. Hús er svo aftur myndlíking fyrir einstakling og lúgan eða gatið verður þá að myndlíkingu fyrir eitthvað mjög áhugavert svæði. Svo er hún er óvirk einhvern veginn, hún gagnast með því að víkja frá og taka við; virkni hennar felst í því að láta vegginn hætta að virka á ákveðnu svæði. Nú á dögum er bréfalúgan á hverfandi hveli blessuð og á góðri leið með að verða aðallega táknrænt frekar en hagnýtt fyrirbæri, eins og til dæmis vogarskálín.“

Ýmsir árekstrar

Á sýningunni eru margir snertifletir og listamaðurinn teflir fram ýmsum andstæðum. „Já, það eru nokkur pör andstæðna sem koma

fram á sýningunni. Það er einhvers konar inni/úti viðsnúningur í gangi; við erum inni í sal safnsins en virðumst standa fyrir utan. Það er spurningin um val og hvort það sé mögulegt eða ekki. Áhorfandi velur form og staðhæfingu en staðhæfingarnar sjálfar gefa í skyn forlagahyggju. Og svo að steypa bréfalúgu, sem er svona frekar óvirðulegt fyrirbæri, í bronsi, sem er mjög virðulegt efni, eiginlega háttverðugasta hráefnið í skúlptúrgerð. Þannig að það eru svona ýmsir árekstrar þarna á ferð.“

Hver fær bréfið

Blaðamaður spyr hvað gerist ef sýningargestur setji blað eða bréf í gegnum bréfalúgu. „Það verður bara að koma í ljós, þetta eru náttúrulega ekki bréfalúgur heldur skúlptúrar. Ef skúlptúr er bréfalúga, er þá



Áhorfandi velur form og staðhæfingu en staðhæfingarnar sjálfar gefa í skyn forlagahyggju.

áhorfandinn pósthæri? Og hver fær bréfið? Baldvin Einarsson? Listasafn Reykjavíkur? Nei, nei, ég segi nú bara svona. Kannski verð ég með sýningu í E-sal á næsta ári þar sem ég les upp bréf frá áhorfendum.“

Baldvin býr og starfar í Antwerpen í Belgíu ásamt unnustu sinni Valgerði Sigurðardóttur myndlistarmanni. Hann útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2011 og lauk meistaraþrófi í sömu grein frá Konunglegu Akadémiunni í Antwerpen árið 2013. Baldvin hefur sýnt verk sín víða á Íslandi og í Belgíu.

„Það er mjög fínt að vera myndlistarmaður í Belgíu,“ segir Baldvin. „En það er alltaf mjög gott að koma heim til Íslands og halda tengslum með sýningu eins og þessari.“

Sýning hans stendur til 23. janúar í D-sal Hafnarhússins. ■